

Íbúafundur í Þingborg

Fimmtudagur 26. janúar 2023

Dagskrá

- Ný lög um meðhöndlun úrgangs – flokkun í Flóahreppi
- Nýjar viðmiðunarreglur vegna snjómoksturs
- Önnur mál / umræður



Flokkun í Flóahreppi

Kynning frá Íslenska Gámafélaginu



Gjaldskrá vegna meðhöndlunar úrgangs

Möguleikar á ílátum:

- 140 lítra lífrænn úrgangur 20.081 kr. á ári
 - 240 lítra almennur úrgangur 32.406 kr. á ári
 - 660 lítra almennur úrgangur 48.609 kr. á ári
 - 1100 lítra almennur úrgangur 72.914 kr. á ári
 - 360 lítra plast til endurvinnslu 14.000 kr. á ári
 - 660 lítra plast til endurvinnslu 14.000 kr. á ári
 - 360 lítra pappír/pappi til endurvinnslu 21.490 kr. á ári
 - 660 lítra pappír/pappi til endurvinnslu 21.490 kr. á ári
-
- Samsetning 1 = 87.977 kr á ári
 - Samsetning 2 = 104.180 kr á ári
 - Samsetning 3 = 128.485 kr á ári

Gjaldskrá má nálgast á heimasíðu Flóahrepps

Gjaldskrá vegna breytinga á ílátum

Stærð og gerð íláts:

- 66ol ílát verð (almennt, plast eða pappír/pappi): 50.000 kr.
- 36ol ílát verð (plast eða pappír/pappi): 14.000 kr.
- 24ol ílát verð (almennt) 12.000 kr.
- 14ol ílát verð (lífrænt): 10.000 kr.
- Fast breytingagjald: 5.000 kr.
- Tunna tekin uppí (stærð íláts hefur ekki áhrif): 10.000 kr.

Verð á íláti:

- Allar óskir um breytingar á ílátum þurfa að fara í gegnum skrifstofu Flóahrepps
- Rukkað er fast breytingagjald fyrir allar breytingar og er það innheimt af Flóahreppi.
- Uppítökuverð fyrir ílát dregst frá kostnaði við nýtt ílát.
 - *Dæmi: Íbúi skilar 66ol íláti fyrir plast eða pappír/pappa og vill fá 36ol ílát í staðin. Hann greiðir 5000 kr breytingagjald, 14.000 kr fyrir nýtt ílát og Flóahreppur tekur gamla ílátið uppí á 10.000 kr. Íbúi greiðir samtals 9.000 kr fyrir breytinguna.*
- Flóahreppur og ÍGF sjá um útskipti á ílátum

Verður aðgengilegt á heimasíðu Flóahrepps

Inneignarkort / Klippikort

Söfnunarstöð Íslenska Gámafélagsins, Hrísmýri á Selfossi

Inneignarkort

- Flóahreppur afhendir öllum fasteignaeigendum sem greiða sorpeyðingargjald / fast gjald inneignarkort sem má nota á söfnunarstöð Íslenska gámafélagsins í Hrísmýri á Selfossi.
- Kortin verða til afhendingar á skrifstofu Flóahrepps en hægt að fá afhent hjá Önnu Dóru hér í kvöld.

Inneignarkort

- Klippt er í kortið fyrir hver 75 kg af úrgangi sem komið er með á söfnunarstöð og er inneignin alls 900 kg á ári.
- ***Inneignin á kortinu árið 2023 er:***
 - *Íbúðarhúsnæði og frístundahúsnæði* $12 * 75 \text{ kg} = 900 \text{ kg á ári}$
 - *Atvinnurekstur / iðnaðarlóðir* $12 * 75 \text{ kg} = 900 \text{ kg á ári}$
 - *Atvinnurekstur / lögbýli* $12 * 75 \text{ kg} = 900 \text{ kg á ári}$
- Starfsmaður á söfnunarstöð vigtar þyngd úrgangs við komu og klippir í viðeigandi fjölda reita á kortinu. Ávallt er klippt í a.m.k. einn reit þó að þyngdin nái ekki 75 kg.

Inneignarkort



- Kortin eru eingöngu til afhendingar á skrifstofu Flóahrepps á opnunartíma skrifstofu.
- Allir fasteignaeigendur sem greiða sorpeyðingargjald / fast gjald hafa kost á að fá kort - hægt að sjá á álagningarseðli.
- Sveitarstjórn ákveður inneign ár hvert.
- Inneign á korti færist ekki á milli ára.
- **Eitt kort er gefið út á hvert fasteignanúmer sem greiðir fast sorpeyðingargjald.**
- Hægt er að fá nýtt kort á skrifstofu ef kort glatast gegn 5000 kr. gjaldi.
 - Við afhendingu á nýju korti er klippt í fjölda reita út frá því hvenær nýtt kort er sótt. *Dæmi: Ef kort er sótt í apríl er klippt í 3 reiti fyrir janúar, febrúar og mars.*
- Kort skal fylgja fasteign og afhendast nýjum eigendum við eigendaskipti.

Inneignarkort



INNEIGNARKORT 2023

ÍBÚÐAR- OG FRÍSTUNDAHÚS = 900 KG Á ÁRI

-  ANNA@FLOAHREPPUR.IS
-  SKRIFSTOFA FLÓAHREPPS: 480 4370
-  SÖFNUNARSTÖÐ: HRÍSMÝRI, SELFOSSI
-  WWW.GAMAFELAGID.IS / WWW.FLOAHREPPUR.IS



FLÓAHREPPUR

Viðmiðunarreglur vegna snjóþoksturs í Flóahreppi



Snjómokstur

- Viðmiðunarreglur voru samþykktar í sveitarstjórn 10. janúar 2023
- Byggja á eftirfarandi:
 - Þríhliða samningi Flóahrepps, Vegagerðarinnar og verktaka vegna snjómoksturs og hálkuvana á héraðs- og tengivegum
 - Reglum um vetrarþjónustu hjá Vegagerðinni
 - Öðrum sambærilegum viðmiðunarreglum varðandi mokstur í dreifbýli

Markmið

- Tryggja öryggi og færð fyrir skólaakstur þannig að börn komist í skólann á réttum tíma.
- Lágmarka óþægindi íbúa og fyrirtækja af völdum snjós og íss.
- Auðvelda íbúum að sækja vinnu og skóla.

Að mokstri og hálkuvörnum loknum skulu vegir vera vel ökufærir fyrir vetrarbúnaðar bifreiðar og áferð yfirborðsins þannig að vegfarendum stafi ekki hættu af.

Þörf á mokstri

- Sveitarstjóri metur þörf á mokstri í samráði við verktaka sem sinna snjómokstri og Vegagerðina.
- Færð og veðuraðstæður geta verið misjöfn í sveitarfélaginu en aðilar leggja sig fram um að fá góðar upplýsingar og meta þörf á mokstri út frá þeim upplýsingum.

Skrifstofa Flóahrepps og sveitarstjóri eru tengiliðir við íbúa vegna snjómoksturs og sveitarstjóri er tengiliður við verktaka.

Stofnanir sveitarfélagsins

- Stjórnað af Flóahreppi
- Bílastæði við stofnanir eru mokuð og hálkuvörð eftir þörfum
- Leikskóli og grunnskóli í forgangi

Dreifbýli

- Í höndum Vegagerðar og Flóahrepps
- Helstu vegir gerðir færir fyrst og svo farið í heimreiðar eftir því sem við á.
- Vegagerðin tekur þátt í helmingi kostnaðar á móti sveitarfélagi við ákveðna vegi að hámarki 3x í viku
 - Ef þarf að moka eða hálkuverja oftar þarf að liggja fyrir leyfi Vegagerðarinnar á greiðslu helmings kostnaðar.
- Heimilt að moka vegna jarðarfara og vegna verðmætabjörgunar með kostnaðarþátttöku Vegagerðarinnar
- Sveitarfélagið getur ákveðið að þjónusta ákveðna bæi oftari í ákveðnum aðstæðum.

Héraðsvegir Heimreiðar

- Verktaki á vegum Flóahrepps sér um að moka heimreiðar.
- Mokstri stýrt af sveitarfélaginu – sveitarstjóri er tengiliður við íbúa og verktaka.
- Mokað þegar metin er þörf á og aðstæður leyfa.
- Einungis mokað þar sem er skráð föst búseta og viðkomandi íbúar eru með skráð lögheimili.
- Vegur að íbúðarhúsi gerður aksturshæfur en plön ekki mokuð.
- Sveitarfélagið getur hafnað mokstri ef aðstæður leyfa ekki greiðan mokstur svo sem vegna hliða, trjágróðurs nærri vegi, girðinga innan veghelgunarsvæðis o.s.frv.
- Íbúar tryggja sjálfir aðgengi að sorpílátum.
- Sveitarfélagið sér ekki um mokstur og hálkuvarnir að frístundahúsum.

Vetrarþjónusta Vegagerðar

Vegagerðin sér um allan mokstur á þjóðvegum og á ákveðnum stofn- og tengivegum

Suðurlandsvegur (1)

- **Þjónustuflokkur 1**
- Mokað alla daga
- Villingaholtsvegur (305) að Hamarsvegi
 - **Þjónustuflokkur 3**
 - Mokað sunnudaga, mánudaga, miðvikudaga, fimmtudaga og föstudaga
- Gaulverjabæjarvegur frá Selfossi að Félagslundi (33)
 - **Þjónustuflokkur 3**
 - Mokað sunnudaga, mánudaga, miðvikudaga, fimmtudaga og föstudaga
- Gaulverjabæjarvegur frá Félagslundi að Árlundi (33)
 - **Þjónustuflokkur 4**
 - Mokað mánudaga og föstudaga af Vegagerðinni og helmingamokstur aðra daga ef þarf
- Urriðafossvegur (302)
 - **Þjónustuflokkur 4**
 - Mokað mánudaga og föstudaga af Vegagerðinni og helmingamokstur aðra daga ef þarf

Upplýsingar um mokstur og færð á þessum vegum er hægt að fá hjá Vegagerðinni.

Atvinnurekstur

- Sveitarfélagið sér um að moka vegi að atvinnurekstri í dreifbýli á þeim dögum sem mokstur fer fram á öðrum vegum, sé þess óskað af atvinnurekanda.
- Gerður verður skriflegur samningur milli sveitarfélags og atvinnurekanda sem gildir frá 1. nóvember-15. apríl ár hvert.
- Sveitarfélagið annast ekki mokstur á plönnum.
- Sveitarstjóri er tengiliður við atvinnurekendur og verktaka.

Hafa skal í huga að reglurnar eru til viðmiðunar og ber að líta á þær sem slíkar

Tíðarfar og snjóþyngsli geta raskað áformum um mokstur. Vegagerðin og sveitarfélagið bera ekki ábyrgð á tjóni sem kann að verða takist ekki að framfylgja viðmiðunarreglunum.



FLÓAHREPPUR

Umræður